

Fréttatilkynning frá Flensborgarskólanum

Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans fyrir grunnskólanema skólaárið 2010 - 2011

Þriðjudaginn 29. mars 2011 voru kynnt úrslit og afhentar viðurkenningar og verðlaun í fimmtánda Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans fyrir grunnskólanema.

Keppnin var eins og ávallt áður fyrir nemendur í 8.bekk, 9.bekk og 10.bekk grunnskólanna og fór fram í Flensborgarskólanum þriðjudaginn 16. mars 2011. Alls tóku 98 grunnskólanemendur þátt í keppninni að þessu sinni.

Margir keppendur skiluðu framúrskarandi úrlausnum í keppninni.

Við verðlaunaafhendinguna söng Kór Flensborgarskólans tvö lög. Foreldrafélag kórsins sá um allar veitingar fyrir gesti. Nemendur Flensborgarskólans aðstoðuðu við framkvæmd keppinnar á keppnisdegi.

Tíu efstu í hverjum bekk fengu viðurkenningarskjöl frá Flensborgarskólanum.

Þrjár efstu í hverjum árgangi fengu vegleg peningaverðlaun frá Kíwanisklúbbunum Eldborg, Hraunborg og Sólborg í Hafnarfirði.

Ingvar Snæbjörsson forseti og Guðjón Guðnason formaður styrktarnefndar afhentu verðlaunin fyrir hönd Eldborgar, Sigurður P. Sigurðsson forseti og Geir Jónsson formaður styrktarnefndar fyrir hönd Hraunborgar og P. Ragna Pétursdóttir forseti og Hrönn Einarasdóttir formaður styrktarnefndar fyrir hönd Sólborgar.

Netorka styrkti einnig framkvæmd keppinnar.

Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans fyrir grunnskólanema á sér sextán ára sögu og hefur fyrir löngu öðlast fastan sess í lífi grunnskólanema víða um land. Að þessu sinni voru það alls 5 framhaldsskólar auk Flensborgarskólans sem héldu keppnina.

Stefán Freyr Guðmundsson stærðfræðingur og fyrrverandi nemandi Flensborgarskólans, útbjó verkefni og lausnir. Einar Birgir Steinþórsson skólameistari sá um skipulag og framkvæmd keppinnar.

Kennarar í grunnskólunum auglýstu keppnina og skráðu þátttakendur.



Verðlaunahafar úr 8., 9. og 10. bekk ásamt fulltrúum kíwanisklúbbanna og skólameistara.

Eftirtaldir nemendur urðu í 10 efstu sætunum í hverjum bekk í keppninni í Flensborgarskólanum 16. mars vorið 2011

10. bekkur

Sæti	Nafn	Skóli
1.	Benedikt Árni Harðarson	Hvaleyrarskóli
2.	María Rós Gunnarsdóttir	Hvaleyrarskóli
3.	Heiðar Bergsson	Öldutúnsskóli
4.	Sturla Hólm Skúlason	Hvaleyrarskóli
5.	Jóhann Reynir Andrésson	Hvaleyrarskóli
6.	Goði Már Daðason	Setbergsskóli
7.	Guðmundur Orri Pálsson	Setbergsskóli
8.	Birgir Óli Snorrason	Hvaleyrarskóli
9.	Lilja Rut Ragnarsdóttir	Hraunvallaskóli
10.	Signý Æsa Káradóttir	Lækjarskóli

9. bekkur

Sæti	Nafn	Skóli
1.	Jón Gunnar Kristjónsson	Áslandsskóli
2.	Úlfar Viktorsson	Setbergsskóli
3.	Marin Lilja Ágústsdóttir	Setbergsskóli
4.	Guðrún Höskuldsdóttir	Setbergsskóli
5. - 6.	Flores Axel Böðvarsson	Hvaleyrarskóli
5. - 6.	Kristófer Óttar Úlfarsson	Setbergsskóli
7.	Hrafnhildur Jóna Daníelsdóttir	Setbergsskóli
8. - 9.	Bjarki Rúnar Harðarson	Lækjarskóli
8. - 9.	Sigrún Elva Reynsidóttir	Setbergsskóli
10.	Grétar Ari Guðjónsson	Hvaleyrarskóli

8.bekkur

Sæti	Nafn	Skóli
1.	Sunna Björk Ólafsdóttir	Hvaleyrarskóli
2.	Valdís Huld Jónsdóttir	Lækjarskóli
3.	Davíð Stefán Reynisson	Hvaleyrarskóli
4.	Þorsteinn Hálfðánarson	Víðistaðaskóli
5.	Sveinn Þráinn Guðmundsson	Víðistaðaskóli
6.	Andrea Helga Guðnadóttir	Áslandsskóli
7.	Ísól Sigurðardóttir	Víðistaðaskóli
8.	Bjarki Páll Bergsson	Hvaleyrarskóli
9.	Berglind Anna Rohleder	Öldutúnsskóli
10.	Guðlaug Agnes Kristjánsdóttir	Áslandsskóli